



REGLUR UM TEKJUTENGDAN AFLÁTT AF FASTEIGNASKATTI HJÁ ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISPEGUM Í RANGÁRPINGI EYSTRA 2023

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisbegum sem eiga lögheimili í Rangárþingi eystra er veittur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Rangárþings eystra ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Rangárþingi eystra sem búa í eigin íbúð og

- a) eru 67 ára á árinu eða eldri
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.
- c) hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði.
- d) hafa ekki fullvinnandi einstakling/einstaklinga aðra en maka búsetta á heimilinu.

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannanlega býr í.

3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Afsláttur er tekjutengdur. Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Til tekna teljast bæði launatekjur og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Tekjumörk vegna afsláttarins 2023 eru eftirfarandi:

<u>Tekjur einstaklinga</u>	<u>Tekjur hjóna</u>	<u>Niðurfelling:</u>
Allt að 4.064.061	Allt að 6.112.384	100%
Milli 4.064.062-4.744.963	Milli 6.112.385-7.033.736	75%
Milli 4.744.964-5.419.123	Milli 7.033.737-7.965.200	50%
Milli 5.419.124-6.098.901	Milli 7.965.201-8.893.294	25%





5. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er heimilt að víkja frá 2. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s. :

- a) Þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega
- b) Ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- c) Einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð, sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmennum.

6. gr.

Afslátt skv. 4. gr. til ellilífeyrisþega skal reikna við álagningu og er byggður á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um tekjur. Afslátturinn er birtur á álagningarseðli.

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt skv. 4. gr. gegn framvísun örorkuskírteinis og skattskýrslu.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra 12. janúar 2023



Anton Kári Halldórsson,
sveitarstjóri Rangárþings eystra



Sveitarstjóri Rangárþings eystra